

- 77 Nemendum, sem stunda verknám, skal greiða þóknun eins og hér segir:
1. maí
- |               |        |                               |
|---------------|--------|-------------------------------|
| 1. verknámsár | 30%,   | sé nemandinn yngri en 16 ára. |
| 1.            | — 40%, | — — eldri — 16 —              |
| 2.            | — 50%. |                               |
| 3.            | — 60%. |                               |

Skal þóknun til nemenda þannig reiknuð í hundraðshlutum, miðað við kaup fullgildra garðyrkjumanna, eins og það er á hverjum tíma, samkvæmt almennum samningum, er um það gilda.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 91 23. júní 1936, um garðyrkjuskóla ríkisins. Með henni er úr gildi numin reglugerð nr. 134 7. desember 1938, fyrir garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi.

Reglugerðin öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. maí 1953.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

- 78 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Hvildarheimilissjóð húsmæðra í  
4. maí Kaldrananeshreppi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra  
4. maí 1953.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hvildarheimilissjóð húsmæðra í Kaldrananeshreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hvildarheimilissjóður húsmæðra í Kaldrananeshreppi.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja húsmæður í Kaldrananeshreppi til hvíldar og dvalar frá heimilisstörfum 2 til 3 vikur á ári.

3. gr.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1932 með 2000 — tvö þúsund — krónum, en er nú árið 1953 orðinn 12 500 — tólf þúsund og fimm hundruð — krónur.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggri lánsstofnun hér á landi, eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

5. gr.

Afla skal sjóðnum tekna á þann hátt, sem stjórn sjóðsins og Kvenfélagið Snót í Kaldrananeshreppi telja heppilegast á hverjum tíma.

6. gr.

Leggja skal vexti sjóðsins og aðrar tekjur við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 15000.00. Eftir það má úthluta samkvæmt tilgangi sjóðsins helmingi ár-

legra vaxta og tekna, hinn helmingurinn leggist við höfuðstól, þar til sjóðurinn 78 er orðinn að upphæð kr. 40000.00, og má eftir það úthluta  $\frac{3}{4}$  hlutum tekna,  $\frac{1}{4}$  4. maí leggist við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 75000.00.

#### 7. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en eftir að höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 75000.00, getur stjórnin í samráði við kvenfélagið Snót úthlutað öllum tekjum sjóðsins, ef þurfa þykir, þó skal heimilt að leggja  $\frac{1}{5}$  hluta vaxtanna við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00.

#### 8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum, kosnum af kvenfélaginu Snót í Kaldrananeshreppi til eins árs í senn. Verði kvenfélagið Snót lagt niður, skulu stjórnarmenn kosnir í þess stað af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps.

#### 9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og skrá í hana skipulagsskrá þessa, fundarsamþykktir, styrkveitingar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur ber sjóðsstjórninni að halda bók um eignir sjóðsins, tekjur og gjöld, og skrá í hana ársreikninga sjóðsins.

#### 10. gr.

Stjórn sjóðsins ber að varðveita verðbréf sjóðsins, ef til eru, bækur hans og önnur skilríki á öruggum stað.

#### 11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal reikningur gerður fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

#### 12. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, kosnum af kvenfélaginu Snót í Kaldrananeshreppi, eða endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga Kaldrananeshrepps, verði kvenfélagið Snót lagt niður.

#### 13. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta í Lögbirtingablaði ár hvert.

#### 14. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.